

Vestast á vestfjörðum - 2



Söngbók búin til á www.guitarparty.com

Efnisyfirlit

Allt fyrir ástina	5
Are you lonesome tonight	5
Barn	5
Betri tíð	5
Braggablús	6
Bíllinn minn og ég	6
Capri Katarina	6
Cuanto le Gusta	7
Danska lagið	7
Efemía	8
Einbúinn	8
Einhversstaðar einhvern tíman aftur	9
Einu sinni á ágústkvöldi	9
Elska þig	9
Getur verið?	10
Glugginn	10
Gúanóstelpan	10
Haustið '75	11
Hotel California	11
Hryssan mín blá	12
Hæ Mambó	12
Húsið og ég	12
Komdu í party	13
Lífið er lotterí	13
Lóa lóa	13
One	14
Orginal	15
Rangur Maður	15
Reyndu aftur	15
Riggarobb	16
Rolling in the deep	16

Róninn	17
Sagan af Nínu og Geira	17
Sandalar	18
Sem aldrei fyrr	18
Sem kóngur ríkti hann	18
Sem lindin tær	19
Sexy and I Know It	19
Skólaball	20
Someone like you	20
Stingum af	21
Streets of London	21
Syneta	22
Syrpa í moll	22
Síðan eru liðin mörg ár	23
Síðan eru liðin mörg ár	23
Síðan eru liðin mörg ár	23
Söngur um lífið	24
Take It Easy	24
Tears In Heaven	25
Tequila Sunrise	25
Traustur vinur	25
Tvær stjörnur	26
Undir þínum áhrifum	26
Vegbúinn	27
Vertu þú sjálfur	27
Viltu með mér vaka í nótt	27
Vinarkveðja	27
When I think of angels	28
Álfar	28
Ástardúett	28
Ég elska þig enn	29
Ég er að tala um þig	29

Ég er eins og ég er	29
Ég er kominn heim	30
Ég fann þig	30
Ég las það í Samúel	30
Ég skal bíða þín	31
Ég verð að fá að skjóta þig	31
Ó, þú	32
Út í veður og vind	32
Það geta ekki allir verið gordjöss	32
Þjóðvegurinn	33
Þorparinn	33
Þrek og tár	34
Þú fullkomnar mig	34
Þú komst við hjartað í mér	34

Allt fyrir ástina

Höfundur lags: Páll Óskar Hjálmtýsson
Höfundur texta: Daniela Vecchia ásamt fleirum.
Flytjandi: Páll Óskar Hjálmtýsson

Sama hvernig fer
stendur eftir staðreyndin
að ég elska þig
því fær engu breytt
Sama hvernig var
gæti gefið annan séns
einu sinni enn

Allt fyrir ástina
eina sem aldrei nóg er af
Mennirnir elska, fórna, kveljast, þjáast og sakna
Allt fyrir ástina
sama hvað lífið gæfi mér
ég segði út með hatrið inn með ástina

Sá sem elskar mest
vonar allt og umber allt
þó að svikull þú sért
ég fyrirgef þér samt
að vitja allt mest og best
ég tekið gæti á herðar mér
geri hvað sem er

Allt fyrir ástina
eina sem aldrei nóg er af
Mennirnir elska, fórna, kveljast, þjáast og sakna
Allt fyrir ástina
sama hvað lífið gæfi mér
ég segði út með hatrið inn með ástina

Ú ú ú
ú úú ú je je je e je je

Allt fyrir ástina

Allt fyrir ástina
eina sem aldrei nóg er af
Mennirnir elska, fórna, kveljast, þjáast og sakna
Allt fyrir ástina
eina sem aldrei nóg er af
Mennirnir elska, fórna, kveljast, þjáast og sakna
Allt fyrir ástina
sama hvað lífið gæfi mér
ég segði út með hatrið inn með ástina

Are you lonesome tonight

Höfundur lags: Lou Handman
Höfundur texta: Roy Turk
Flytjandi: Elvis Presley

Are You lonesome tonight?
Do You miss me tonight?
Are You sorry we
drifted apart?

Does Your memory stray
tobrighter summer day
when I kissed You and
called You sweetheart?

Do the chairs in Your parlour
seem empty and bare?
Do You gaze at Your doorstep
and picture me there?

Is Your heart filled with pain?
Shall I come back again?
Tell me, Dear,
are You lonesome tonight?

Barn

Höfundur lags: Ragnar Bjarnason
Höfundur texta: Steinn Steinarr
Flytjandi: Ragnar Bjarnason

Ég var lítið barn
og ég lék mér við ströndina.
Tveir dökkklæddir menn
gengu framhá
og heilsuðu:
Góðan dag, litla barn,
góðan dag!

Ég var lítið barn
og ég lék mér við ströndina.
Tvær ljóshærðar stúlkur
gengu framhá
og hvísluðu:
Komdu með, ungi maður,
komdu með!

Ég var lítið barn
og ég lék mér við ströndina.
Tvö hlægjandi börn
gengu framhá
og kölluðu
Gott kvöld, gamli maður,
gott kvöld!

Betri tíð

Höfundur lags: Valgeir Guðjónsson
Höfundur texta: Þórður Árnason
Flytjandi: Stuðmenn

Sumarið er komið
svona' á það að vera....

sólin leikum um mig
algjörlega bera (la, la, la, la, la)

Ég sit hér út' í garði
það sér mig ekki nokkur
ég gleymdi víst að kynna kallinn minn hann Binna,
það munar sko um minn, hann er rosakokkur

Bráðum kemur ekki betri tíð
því betri getur tíðin, því betri getur tíðin ekki orðið
Bráðum kemur ekki betri tíð
þá verður uxahryggjasúpan, nei sveppahalasúpan
nei uxahryggjahanegrablómkálssveppasúpan
sett á borðið, stofuborðið, borðstofu-
borðið, þarna mundi ég orðið
a ha, ó hóm, u h

Veturinn er grimur,
gaf mér fáa kosti,
svo ógurlega dimmur,
með alltof miklu frosti.

En nú er komið sumar
og sólin bræddi hrímið,
en hvað er ég að hugsa, nú þarf ég fyrr en varir
að fara að far' í spjarir, það er matartími.

Bráðum kemur ekki betri tíð
því betri getur tíðin, því betri getur tíðin ekki orðið
Bráðum kemur ekki betri tíð
þá verður uxahryggjasúpan, nei sveppahalasúpan
nei uxahryggjahanegrablómkálssveppasúpan
sett á borðið, stofuborðið, borðstofu-
borðið, þarna mundi ég orðið
a ha, ó hóm, u h

Braggablús

Höfundur lags: Magnús Eiríksson
Höfundur texta: Magnús Eiríksson
Flytjandi: Mannakorn

Ein í bragga, Magga, gægist út um gluggann,
bráðum sér hún Skugga-Baldur skunda hjá
enn einn túrinn, stúrin, olíu á skúrinn
er eftitt nema fyrir fjandans aura að fá.

Í vetur betur gekk henni að galdra
til sína glaða og kalda karla sem oft gáfu aur,
en Magga í sagga, situr ein í bragga,
á ekki fyrir olíu, er alveg staur.

Fyrst kom Bretinn, rjóður, yndislega góður,
þá bjó hún Magga á Borginni í bleikum kjól.
Svo kom Kaninn, þaninn, kommúnistabaninn,
þá kættist Magga ofsalega og hélt sín jól.

Svo færðist aldur yfir eins og galdur

og ávallt verra og verra var í karl að ná.
Nú er Magga stúrin því olíu á skúrinn
er erfitt nema fyrir fjandans aura að fá.

Bíllinn minn og ég

Höfundur lags: Þorvaldur Halldórsson
Höfundur texta: Þorvaldur Halldórsson
Flytjandi: Pónik

Taka taka taka taka taka ta
Taka taka taka taka taka ta
Taka taka taka taka taka taka ta

Búmm saka búmm búmm búmm
Nú við ökum úr bænum.
Búmm saka búmm búmm búmm
Upp í sveit í einum grænum.

Gatan er öll í holum
Og þá ek ég þér hægar
Gangverkið allt í molum
Og ég tek á þér vægar.

Þar er engin sem getur skilið
Hvað ég elska þig mikið
Og þegar við komum aftur
Skal ég þvo af þér rykið.

Búmm saka búmm búmm búmm
Elsku bíllinn minn blái.
Búmm saka búmm búmm búmm
Þó brotnar legur þig hrjai

Komin að niðurlotum
Já þú kemst þetta af vana
Girkassinn er í brotum
Já þú ert dregin af krana.

Þar er engin sem getur skilið
Hvað ég elska þig mikið
Og þegar við komum aftur
Skal ég þvo af þér rykið.

Capri Katarina

Höfundur lags: Jón Jónsson frá Hvanná
Höfundur texta: Davíð Stefánsson frá Fagraskógi
Flytjandi: Haukur Morthens

Komið allir Caprisveinar.
Komið, sláið um mig hring,
meðan ég mitt kveðjukvæði
um Katarínu litlu syng.
Látið hlæja og gráta af gleði
gítara og mandolín.
Katarína, Katarína,
Katarína stúlkan mín.

Í fiskikofa á klettaeynni
Katarína litla býr.
Sírenur á sundi bláu
syngja um okkar ævintýr.
Á vígða skál í skugga trjáanna
skenkti hún mér sitt caprivín.
Katarína, Katarína,
Katarína stúlkan mín.

Með kórónu úr capriblómum
krýndi hún mig hinn fyrsta dag.
Af hæsta tindi hamingjunnar
horfðum við um sólarlag.
Þar dönsuðum við tarantella
og teyguðum lífsins guðavín.
Katarína, Katarína,
Katarína stúlkan mín.

En nú verð ég að kveðja Capri
og Katarínu litl' í dag.
Horfa mun ég út í eyjar
einn um næsta sólarlag.
Grátið með mér, gullnir strengir,
gítarar og mandólín.
Katarína, Katarína,
Katarína, stúlkan mín.

Cuanto le Gusta

Höfundur lags: Gilbert Ruaz
Höfundur texta: Páll Óskar Hjálmtýsson ásamt fleirum.
Flytjandi: Páll Óskar Hjálmtýsson ásamt fleirum.

Cuanto Le Gusta Le Gusta Le Gusta Le Gusta...
Með flöskurnar og töskurnar
við ætlum að fara burt
í hundrað stiga hita
en spurningin er hvurt

París Amster Alcapulco
eða bara gullna strönd
í eina, tvær, þrjár vikur
mér halda engin bönd

Nú sting ég af, hef unnið nóg
á bólakaf í heitann sjó
gatslitinn sólinn og með lausa reim
ég er farinn og kem aldrei aldrei aldrei heim

Cuanto Le Gusta Le Gusta Le Gusta Le Gusta...
Með vellyktandi harðfisknum
við drekkum beint af stút
Ég sofnaði á vindsæng
og lít því svona út

Klúbbar, hótél, strandapartí
ég auðveldlega kemst á deit

Ég byrja að djamma' í borgum
og enda uppí sveit

Nú sting ég af, hef unnið nóg
á bólakaf í heitann sjó
gatslitinn sólinn og með lausa reim
ég er farinn og kem aldrei aldrei aldrei heim

Cuanto Le Gusta Le Gusta Le Gusta
Cuanto Le Gusta Le Gusta Le Gusta
Cuanto Le Gusta Le Gusta Le Gusta

Með flöskurnar og töskurnar
við ætlum að fara burt
í hundrað stiga hita
en spurningin er hvurt

París Amster Alcapulco
eða bara gullna strönd
í eina, tvær, þrjár vikur
mér halda engin bönd

Nú sting ég af, hef unnið nóg
á bólakaf í heitan sjó
gatslitinn sólinn og með lausa reim
ég er farinn og kem aldrei aldrei aldrei heim

Cuanto Le Gusta Le Gusta Le Gusta
Cuanto Le Gusta Le Gusta Le Gusta
Cuanto Le Gusta Le Gusta Le Gusta
Cuanto Le Gusta Le Gusta Le Gusta
Le Gusta Le Gusta Le Gusta Le Gusta
Cuanto Le Gusta Le Gusta Le Gusta Le Gusta
Le Gusta Le Gusta!!!!

Danska lagið

Höfundur lags: Eyjólfur Kristjánsson
Höfundur texta: Eyjólfur Kristjánsson
Flytjandi: Bittlavinafélagið

Manstu fyrir langa löngu?
Við sátum saman í skólastofu.
Ég dáði þig en þú tókst ekki eftir mér,
ekki frekar en ég væri krækiber.
Þú varst alltaf best í dönsku,
það fyllti hinar stelpurnar vonsku,
þegar kennarinn kallaði á þig til sín
og lét þig syngja á dönsku fyrir okkur hin.
Ó, ég mun aldrei gleyma,
hve fallega þú söngst, þú söngst:

"Der bor en bager på Nørregade.
Han bager kringler og julekage.
Han bager store, han bager små
han bager nogle með sukker på
og i hans vindu' er sukker sager

og heste grise og peberkager
og har du penge så kan du fá
men har du ingen så kan du gå."

Og svo mörgum árum seinna,
þá lágu leiðir okkar beggja
til útlanda þar sem fórum við í háskóla
við lærðum söng og héldum sAman tónleika.
Og eina stjörnu bjarta kvöldstund,
ég kraup á kné, ó, hve nett var þín hönd,
þú sagðir: "Já", kysstir mig og nú erum við hjón
og eigum litla Gunnu og lítinn Jón.
en ég mun aldrei gleyma,
hve fallega þú söngst, þú söngst:

"Der bor en bager på Nørregade.
Han bager kringler og julekage.
Han bager store, han bager små
han bager nogle med sukker på
og i hans vindu' er sukker sager
og heste grise og peberkager
og har du penge så kan du fá
men har du ingen så kan du gå."

"Der bor en bager på Nørregade.
Han bager kringler og julekage.
Han bager store, han bager små
han bager nogle med sukker på
og i hans vindu' er sukker sager
og heste grise og peberkager
og har du penge så kan du fá
men har du ingen så kan du gå."

"Der bor en bager på Nørregade.
Han bager kringler og julekage.
Han bager store, han bager små
han bager nogle med sukker på
og i hans vindu' er sukker sager
og heste grise og peberkager
og har du penge så kan du fá
men har du ingen så kan du gå."

"Der bor en bager på Nørregade.
Han bager kringler og julekage.
Han bager store, han bager små
han bager nogle med sukker på
og i hans vindu' er sukker sager
og heste grise og peberkager
og har du penge så kan du fá
men har du ingen så kan du gå."

Efemía

Höfundur lags: Írskt þjóðlag
Höfundur texta: Jónas Árnason
Flytjandi: Papar

Ef þú gengur glöð í lund

eftir götu, Efemía,
finnst mér eins og svífi svanur
milli sólroðinna skýja.
Ó, hve heitt ég elska þig!

Ég mun hrópa hátt og syngja,
ég mun kristöllum klingja,
ég mun hundrað bjöllum hringja,
ef ég fæ að eiga þig!

Þegar höfði hreykir þú
móti himni, Efemía,
er sem hátt í brekku brattri
standi blómguð kastanía.
Ó, hve heitt ég elska þig!

Ég mun hrópa hátt og syngja,
ég mun kristöllum klingja,
ég mun hundrað bjöllum hringja,
ef ég fæ að eiga þig!

Rödd þín, mild og munarblíð,
er sem músík, Efemía,
og hún ómar mér í eyrum
eins og ekta símfónía.
Ó, hve heitt ég elska þig!

Ég mun hrópa hátt og syngja,
ég mun kristöllum klingja,
ég mun hundrað bjöllum hringja,
ef ég fæ að eiga þig!

Er ég held í höndum mér
þínum höndum, Efemía,
allt í brjósti mínu blossar
eins og brenni steinolía.
Ó, hve heitt ég elska þig!

Ég mun hrópa hátt og syngja,
ég mun kristöllum klingja,
ég mun hundrað bjöllum hringja,
ef ég fæ að eiga þig!

Einbúinn

Höfundur lags: Magnús Eiríksson
Höfundur texta: Magnús Eiríksson
Flytjandi: Mannakorn

Ég bý i sveit, á sauðfé á beit
og sællegar kýr úti á túni.
Sumarsól heit sem vermir nú reit
en samt má ég bíða eftir frúnni.

Traktorinn minn, reiðhesturinn
hundur og dálítið af hænum.
Kraftaverk eitt til oss gæti leitt

hýrlega mey burt úr bænum.

Veturinn er erfiður mér
svo andskoti fótkaldur stundum.
Ég sæi þig gera eins og mig
ylja á þér tærnar á hundum.

Þeir segja mér að þeysa af stað
þær bíði eftir bóndanum vænum.
Ég hef reynt, það veit guð, en það er sko þuð
að þræða öll húsin í bænum.

Ég bý i sveit, á sauðfé á beit
og sællegar kýr úti á túni.
Sumarsól heit sem vermir nú reit
en samt má ég bíða eftir frúnni.

Ó, ó, Sumarsól heit senn vermir nú reit
en samt má ég bíða eftir frúnni.

Ó, ó, Sumarsól heit senn vermir nú reit
en samt má ég bíða eftir frúnni.

Einhversstaðar einhvern tíman aftur

Höfundur lags: Magnús Eiríksson
Höfundur texta: Magnús Eiríksson
Flytjandi: Mannakorn

Einhversstaðar einhvern tíman aftur
liggur leið þín um veginn til mín
og þú segir: Ég saknaði þín.
Ég saknaði þín.

Kyrillátt kvöldið hvíslar ástarorðum
út í buskann, hver heyrir þau nú.
Út úr lífi mínu labbaðir þú.
Labbaðir þú.

En ég nenni ekki að hanga hér,
þótt hugur dvelji oft hjá þér.
Lífið bíður líka eftir mér.
Það er alveg nóg af sorg og sút,
svo ég ætla eitthvað út.
Að finna einhvern félagsskap,
því hik þú veist er sama og tap.

Nú er bráðum tími til að þegja,
því að ósagt nú á ég svo fátt.
En ég sendi þér kveðju í sátt.
Kveðju í sátt.

En ég nenni ekki að hanga hér,
þótt hugur dvelji oft hjá þér.
Lífið bíður líka eftir mér.
Það er alveg nóg af sorg og sút,
svo ég ætla eitthvað út.
Að finna einhvern félagsskap,

því hik þú veist er sama og tap.

Einhversstaðar einhvern tíman aftur
liggur leið þín um veginn til mín
og þú segir: Ég saknaði þín.
Ég saknaði þín.
Ég saknaði þín.
Ég saknaði þín.
Ég saknaði þín.

Einu sinni á ágústkvöldi

Höfundur lags: Jón Múli Árnason
Höfundur texta: Jónas Árnason
Flytjandi: Magnús Eiríksson

Einu sinni' á ágústkvöldi
austur í Þingvallasveit
gerðist í dulitlu dragi
dulítið sem enginn veit,
nema við og nokkrir þrestir
og kjarrið græna inni Bolabás
og Ármannsfellið fagurblátt
og fannir Skjaldbreiðar
og hraunið fyrir sunnan Eyktarás.
Þó að æviárin hverfi
út á tímans gráa rökkurveg,
við saman munum geyma þetta ljúfa leyndarmál,
landið okkar góða þú og ég.

Elska þig

Höfundur lags: Magnús Eiríksson
Höfundur texta: Magnús Eiríksson
Flytjandi: Mannakorn

Capo á 3.band

Ég veit að auðveld ekki alltaf blessuð ástin er
því svo ótrúlega flókin þessi mankind er
Ég er það í þessu tafla eins og þú
stundum erfitt er að finna von og trú

Ljosið sem nú lýsir augum þínum úr
ljómar eins og sólin eftir svarta skúr
og þú sérð í gegnum sál mér eins og gler
þar sést vel hvað ég er ástfanginn af þér

Elska þig, elska þig, já elska þig
alveg sama hvernig lífið leikur mig
ég trúi að skrifað sé í skýin hvernig fer
að ást mín hafi alltaf verið ætluð þér

Það er komið sumar, blómin brosa á móti sóli
sjáðu hvernig lifnar yfir öllum, byggð og ból
og ég finn að ástin sem ég til þín ber
lifnar ung og sterk í hjartanu á mér

Ljósið sem nú lýsir augum þínum úr
ljómar eins og sólin eftir svarta skúr
og þú sérð í gegnum sál mér eins og gler
þar sést vel hvað ég er ástfanginn af þér

Elska þig, elska þig, já elska þig
alveg sama hvernig lífið leikur mig
ég trúi að skrifað sé í skýin hvernig fer
að ást mín hafi alltaf verið ætluð þér

Elska þig, elska þig, já elska þig
alveg sama hvernig lífið leikur mig
ég trúi að skrifað sé í skýin hvernig fer
að ást mín hafi alltaf verið ætluð þér

Getur verið?

Höfundur lags: Guðmundur Jónsson
Höfundur texta: Stefán Hilmarsson
Flytjandi: Sálin hans Jóns míns

Hvert sem ég fer.
Hvar sem ég er.
Hvort sem ég dvelst þar eða hér
heldur hugur minn til
- hugur minn til
hjá þér - já, hjá þér.
Þó rigni í nótt
og þarnæstu nótt.
Þótt spáin sé slæm og útlitið ljótt
skal ég þramma til þín
- þramma til þín
og krjúpa á kné.

Getur verið - að þú viljir mig ei
Getur verið - að þú viljir ei mann eins og mig.

Í ökkla ég veð
slyddu og snjó.
arka yfir eld - ég fæ aldrei nóg.
Já, það kemur að því
- kemur að því
að ég klófesti þig.

Tinda ég klíf
hrófla á mér hnéð.
Brýt niður berg ef þarf ég þess með.
Nei, ég gefst ekki upp,
- gefst ekki upp
og staulast til þín.

Getur verið - að þú viljir mig ei
Getur verið - að þú neitir mér mey?
Getur verið - að þú viljir ei mann eins og mig.

Hvert sem ég fer.
Hvar sem ég er.

Hvort sem ég dvelst þar eða hér
heldur hugur minn til
- hugur minn til
hjá þér - já, hjá þér.

Getur verið - að þú viljir mig ei?
Getur verið - að þú neitir mér mey?
Getur verið - að þú viljir ei mann eins og mig.

Glugginn

Höfundur lags: Rúnar Gunnarsson
Höfundur texta: Þorsteinn Eggertsson
Flytjandi: Flowers

Ég sit og gægist oft út um gluggann
Ég sit og gægist oft út um gluggann
því fólk á förnum vegi,
er fótgangandi' að nótt' og degi,
er alveg tilvalið að sjá.

Ég sé oft heilar skáldsögur skapast
og skrytið fólk sem hér um bil tapast
í amstr' og umferð dagsins.
Eirðarlaust til sólarlagsins
það arkar strætin til og frá.

Stúlkur og stælgæjar,
standandi upp við bar
og sitthvað fleira má þar sjá.
Góðlegir gamlingar,
glæðlegir unglingar
og fólk sem horfir bara á.

Nei, ég þarf ekk' að sitja við sjónvarp.
né sjá í bíói einhvern stríðsgarp.
Ég út um gluggan gægist.
Gerir ekkert þótt þú hlæir,
því þar er ávalt margt að sjá.

Gúanóstelpan

Höfundur lags: Mugison ásamt fleirum.
Höfundur texta: Mugison ásamt fleirum.
Flytjandi: Mugison

Þarna fékk ég það fyrst,
þarna fékk ég þig kysst,
hingað kem ég þegar heimurinn frýs,
aldrei faðmað aðra eins dís,

En ég veit þú liggur með þeim,
en nú er ég á leiðinni heim,
til þess að fara í brjálað geim,
með þér og þessum rugluðu tveim.

Sakna Ísafjarðar og þín,
gúanóstelpan mín,

langar að hitta þig,
kíkja smá inn í þig,
gúanóstelpan mín.

Þú kenndir mér svo margt,
svo lífið er fallega svart,
smá snert af rugli er allt sem þú þarft,
ástin er bara hjartaskart.

Sakna Ísafjarðar og þín,
gúanóstelpan mín,
langar að hitta þig,
kíkja smá inn í þig,
gúanóstelpan mín.

Sakna Ísafjarðar og þín,
gúanóstelpan mín,
langar að hitta þig,
kíkja smá inn í þig,
gúanóstelpan mín.

Haustið '75

Höfundur lags: Valgeir Guðjónsson
Höfundur texta: Valgeir Guðjónsson
Flytjandi: Stuðmenn

Það var um haustið sjötíu og fimm
þið spiluðuð hér og nóttin var dimm.
Við gengum saman út með sjó
þegar ballið var búið.

Við horfðum á mánann drykklanga stund
og afghanfeld lögðum á döggvota grund.
Við áttum saman ástarfund
þegar ballið var búið.

Það er ekkert upp á hann að klaga
edru alla daga, ávallt hefur borgað meðlagið.
Hann er vænn við menn og málleysingja,
létt er æ hans pyngja,
því margvíslegt hann styrkir málefnið.

Þið hurfuð í rykmekki suður um fjörð
en eftir sat ég og eignaðist Hörð.
Þú sáðir fræi í frjóan svörð
þegar ballið var búið.
þegar ballið, ballið, ballið var búið.

Það er ekkert upp á hann að klaga
edru alla daga, ávallt hefur borgað meðlagið.
Hann er vænn við menn og málleysingja,
létt er æ hans pyngja,
því margvíslegt hann styrkir málefnið.

On a dark desert highway,
cool wind in my hair
Warm smell of colitas
rising up through the air

Hotel California

Höfundur lags: Glenn Frey ásamt fleirum.
Höfundur texta: Glenn Frey ásamt fleirum.
Flytjandi: The Eagles

Up ahead in the distance,
I saw a shimmering light
My head grew heavy and my sight grew dim
I had to stop for the night

There she stood in the doorway;
I heard the mission bell
And I was thinking to myself
this could be heaven or this could be hell
Then she lit up a candle,
and she showed me the way
There were voices down the corridor,
I thought I heard them say

Welcome to the Hotel California.
Such a lovely place, such a lovely face
Plenty of room at the Hotel California
Any time of year you can find it here

Her mind is Tiffany twisted,
she got the Mercedes bends
She got a lot of pretty, pretty boys
that she calls friends
How they dance in the courtyard, sweet summer sweat
Some dance to remember,
some dance to forget

So I called up the captain;
"Please bring me my wine."
"We haven't had that spirit here
since nineteen sixty-nine"
And still those voices are calling from far away
Wake you up in the middle of the night,
just to hear them say

Welcome to the Hotel California.
Such a lovely place, such a lovely face
They livin' it up at the Hotel California
What a nice surprise bring your alibis

Mirrors on the ceiling,
the pink champagne on ice
And she said "We are all just prisoners here,
of our own device"
And in the master's chambers,
they gathered for the feast
They stab it with their steely knives,
but they just can't kill the beast

Last thing I remember,
I was running for the door

I had to find the passage back
to the place I was before
"Relax" said the nightman,
"We are programmed to receive"
"You can check out anytime you like,
but you can never leave"

Hryssan mín blá

Höfundur lags: Bjarni Hafþór Helgason
Höfundur texta: Bjarni Hafþór Helgason
Flytjandi: Skriðjöklarnir ásamt fleirum.

Hryssan mín blá, hryssa, hryssa blá
segðu þeim okkar ævintýrum frá,
sjaldan við vorum heimaslóðum á
við vorum alltaf þeim frá, já.

Manstu mín kæra gresjurnar
Akrafjöllin, Esjurnar?
já, manstu 'er við riðum dalina
og alla fjallasalina?

Hryssan mín blá, hryssa, hryssa blá
segðu þeim okkar ævintýrum frá,
sjaldan við vorum heimaslóðum á
við vorum alltaf þeim frá, já.

Manstu 'er við hittum hannRauð á Stöng
og þú heyrðir svanasöng?
En folaldið hvíta seinna varð
úti við svartaskarð.

Hryssan mín blá, hryssa, hryssa blá
segðu þeim okkar ævintýrum frá,
sjaldan við vorum heimaslóðum á
við vorum alltaf þeim frá, já.

Þegar ég lít yfir farinn veg
heillar mig minningin,
þökkuð er sambúð yndisleg
og líka viðkyningin.

Hryssan mín blá, hryssa, hryssa blá
segðu þeim okkar ævintýrum frá,
sjaldan við vorum heimaslóðum á
við vorum alltaf þeim frá, já.

Hæ Mambó

Höfundur lags: Oddgeir Kristjánsson
Höfundur texta: Ási í Bæ
Flytjandi: Haukur Morthens

Sem unglamb heim - ég aftur sný
úr orlofsferð - til Napólí
Fríðari hvergi karl - leit kvennafans
þótt kynni ég hvorki - þeirra dans - né sönginn:

Hæ mambó - mambó Ítalíanó
Hæ mambó - mambó Ítalíanó
Si si si - si þú ert Sikileyíngó
Gettu betur góða gamall bóndi' úr Þingó

Hæ mambó - þar er nú líf í landi
Hæ mambó og skáldin óteljandi
Hæ mambó yrkja þar ótalvísó
ást og lof og prísó
til okkar daladísó

Svo ástarheitó er ekki nein í Mývatnssveitó
og heyrðu mig vantar kaupakonó
kannski hef ég vonó
Ef þú heldur heim með mér
þá heila drápu kveð ég þér

Hæ mambó - mambó Ítalíanó
Hæ mambó - mambó Ítalíanó
Hó hó hó - í haust er hætti slátt
og datt of kátt í réttó
dans við stígum sæl og þéttó
mambó Ítalíanó

Svo ástarheitó er ekki nein í Mývatnssveitó
og heyrðu mig vantar kaupakonó
kannski hef ég vonó
Ef þú heldur heim með mér
þá heila drápu kveð ég þér

Hæ mambó - mambó Ítalíanó
Hæ mambó - mambó Ítalíanó
Hó hó hó - í haust er hætti slátt
og datt of kátt í réttó
dans við stígum sæl og þéttó
mambó Ítalíanó

Húsið og ég

Höfundur lags: Helgi Björnsson ásamt fleirum.
Höfundur texta: Vilborg Halldórsdóttir
Flytjandi: Grafík

é é é é é o o
é é é é é o o

Húsið er að gráta alveg eins og ég.
Da-ra-ra-ra-ra, o-ó

Það eru tár ár rúðunni
sem leka svo niður veggina.
Gæsin flýgur á rúðunni,
eða er hún að fljúga á auganu á mér?
Ætli húsið geti látið sig dreyma,
ætli það fái martraðir?

Hárið á mér er ljóst, þakið á húsinu er grænt,

ég Íslendingur, það Grænlandingur.

Mér finnst rigningin góð,
la-la-la-la-la, o-ó
Mér finnst rigningin góð,
la-la-la-la-la, o-ó

Einu sinni fórum við í bað og ferðumst til Balí.
Við heyrðum í gæsunum og regninu.

Það var í öðru húsi,
það var í öðru húsi
Það var í öðru húsi,
það á að flytja húsið í vor.

Mér finnst rigningin góð,
la-la-la-la-la, o-ó
Mér finnst rigningin góð,
la-la-la-la-la, o-ó

Mér finnst rigningin góð,
la-la-la-la-la, o-ó
Mér finnst rigningin góð,
la-la-la-la-la, o-ó

Komdu í party

Höfundur lags: Magnús Eiríksson
Höfundur texta: Magnús Eiríksson
Flytjandi: Mannakorn

Ég var að rúnta í ræfilslegum Ford '57
einmanna í brakinu og klukkan orðin tvö.
Þá urðu á vegi mín "pæs" svo ég veifaði upp á grín
Þær sögðu: Komdu, komdu komdu í partí til mín.

Veistu hvað ég gerði þarna á gamla Fordinum
Bauð þeim öllum þremur far og kveikti á kanaanum.
Ég spurði hvert skal aka og hvort einhver ætti vín
þær sögðu komdu, komdu komdu í partí til mín.

Við komum svo í kyrrlát hús og kveiktum þar dauf ljós
þær komu svo með Brennivín og kóka kóla í dós.
Þær klæddu sig úr hverri spjör og teiguðu þetta vín
þær sögðu komdu, komdu komdu í partí til mín.

Þær sögðu komdu, komdu komdu í partí til mín.
þær sögðu komdu, komdu komdu í partí til mín.

Lífið er lotterí

Höfundur lags: Írskt þjóðlag
Höfundur texta: Jónas Árnason
Flytjandi: Papar

Um frægðarmenn og kappa við fáum oft að heyra,
en fáa veit ég líka honum siglufjarðar-geira.

Að erfiðleikum sínum hann alltaf gaman henti,
og ef að hann í sérstöku klammarí lenti,
sagð'ann:

Lífið er lotterí Já það er lotterí
Já, það er lotterí. og ég tek þátt í því

Í æsku hans á böllum voru áflog fastur liður
og allra manna fyrstur var hann jafnan sleginn niður
en þegar hann svo stóð upp aftur eftir meðferð slíka
með augu bólgin, sprungna vör og nefið brotið líka
sagð'ann:

Lífið er lotterí Já það er lotterí
Já, það er lotterí. og ég tek þátt í því

Hann ungur gerðist formaður á mótorbátnum Brandi,
og bein úr sjó hann aldrei dró, en lenti oft í strandi
en geira stóð á sama, hann öxlum sínum yppiti
og er hann bátnum strandaði í tuttugasta skipti,
sagð'ann

Lífið er lotterí Já það er lotterí
Já, það er lotterí. og ég tek þátt í því

Hann eitt sinn fékk sér konu, af öðrum konum bar hún,
en ekki nema í meðallagi dyggðug kona var hún.
hún elskaði hann talsvert, en aðra talsvert meira
og er hún lokum skildi við manninn sinn hann geira
sagð'ann

Lífið er lotterí Já það er lotterí
Já, það er lotterí. og ég tek þátt í því

En dag einn sýndist karlinn eitthvað lumbrulegur vera
og læknarnir þeir tóku hann og fóru strax að skera
og er þeir höfðu burt úr honum skorið fleira og fleira
svo fækkað hafði stórlaga innnyflum í geira,
sagð'ann

Lífið er lotterí Já það er lotterí
Já, það er lotterí. og ég tek þátt í því

og kvöld eitt fékk hann aðkenning af alvarlegu slagi.
og innan stundar fékk hann slag af miklu verra lagi
og þegar nóttin lagðist yfir haf og yfir hauður
og heiðurskarlinn geiri virtist loksins alveg dauður
sagð'ann

Lífið er lotterí Já það er lotterí
Já, það er lotterí. og ég tek þátt í því

Lóa lóa

Höfundur lags: Megas
Höfundur texta: Megas
Flytjandi: Megas

Lóa Lóa Lóa æ mér langar svo
að hanna til þín brú
Lóa Lóa Lóa æ mér langar svo
að hanna til þín brú
Því lífið er stutt,
já allavegana ekki mikið lengra en þú

Lóa Lóa Lóa viltu vera memm
Lóa Lóa Lóa viltu vera memm
Þú getur valið um, mig stíl
eða hinn þarna og Hlemm

Lóa Lóa Lóa þú setur mig í sveiflu ef þú ekki
Lóa Lóa Lóa þú setur mig í sveiflu ef þú ekki
Það er satt ég fæ í hálsinn,
ekki aðeins kökk heldur kekki

Lóa Lóa Lóa þú ert svo ógeðslega sæt
Lóa Lóa Lóa þú ert svo ógeðslega sæt
Og einhvern tíma kem ég,
kerling og ét þig olræt

Lóa Lóa Lóa æ mig langar svo
að smíða til þín brú
Lóa Lóa Lóa æ mig langar svo
að smíða til þín brú
Ég nota bara lítið eitt,
af hverju stelpa kærleik von og trú

Lóa Lóa Lóa þú ert krás þú ert kjörið dæmi
Lóa Lóa Lóa þú ert krás þú ert kjörið dæmi
En krúttið mitt ég villtist,
því hugur þinn er ofboðslegt flæmi

Lóa Lóa Lóa en þú færð
bara ekkert huggulegra hross
Lóa Lóa Lóa en þú færð
bara ekkert huggulegra hross
Það hljómar kannski billega,
en komdu og gefðu pabba koss

Lóa Lóa Lóa þú varst
rauðhetta bæði og bláskjár
Lóa Lóa Lóa þú varst
rauðhetta bæði og bláskjár
Og ég blíndi á þig,
gráleitum úlfsaugum og beiddist ásjár

Lóa Lóa Lóa mér langar svo að reisa til þín brú
Lóa Lóa Lóa mér langar svo að reisa til þín brú
Ég vil langtum frekar,
vera inní en svona eins og út úr kú
Is it getting better
Or do you feel the same
Will it make it easier on you
Now you got someone to blame

One

Höfundur lags: U2
Höfundur texta: Bono
Flytjandi: U2

One love, One life
When it's one need, In the night

It's one love, We get to share it
It leaves you baby, If you don't care for it

Did I disappoint you
Or leave a bad taste in your mouth
You act like you never had love
And you want me to go without

Well it's too late, Tonight
To drag the past out into the light

We're one, but we're not the same
We get to carry each other
Carry each other

Have you come here for forgiveness
Have you come to raise the dead
Have you come here to play Jesus
To the lepers in your head

Did I ask too much, More than a lot
You gave me nothing
Now it's all I got

We're one, but we're not the same
We hurt each other
Then we do it again

Love is a temple, Love is the higher law
Love is a temple, Love is the higher law
You ask me to enter, but then you make me crawl
And I can't be holding on
When all you got is hurt

One love, One blood
One life
You got to do what you should

One life, With each other
Sisters
Brothers

One life, but we're not the same
We get to carry each other
Carry each other

Orginal

Höfundur lags: Guðmundur Jónsson
Höfundur texta: Friðrik Sturluson
Flytjandi: Sálin hans Jóns míns

Það er ekki nóg að hafa
sannanir, staðreyndir
Þó þú þykist vita um hvað
málið snýst, fyrir víst

Það er allt á huldu hér
og í raun og veru er
ekkert svar að fá
nema þetta hér

Ég er bara ég,
þú ert bara þú
Ég er bara mynd
Ég er spegilmynd af þér
ég veit ekki hver ég er
hver er orginal

Ég get ekki fundið neina
ástæðu, skýringu
Kannski eru þetta bara
ofsjónir, vísindi
Þú skalt ekki trúa mér
það má rækta hvað sem er
nýja líkama, þúsund manna her

Ég er bara ég,
þú ert bara þú
Ég er bara mynd
Ég er spegilmynd af þér
ég veit ekki hver ég er
hver er orginal

Mynd af þér ég er alveg orginal

Ég er spegilmynd af þér
ég veit ekki hver ég er
hver er orginal

Rangur Maður

Höfundur lags: Sólstrandargæjarnir
Höfundur texta: Sólstrandargæjarnir
Flytjandi: Sólstrandargæjarnir

Intro x2

```
{start_of_tab}
|-2-2-----3-3-----2-2-----0-0-----|
|-3-3-----0-0-----3-3-----2-2-----|
|-4-4-----0-0-----2-2-----2-2-----|
|-4-4-4-4-2-0-0-0-4-4-2-0-0-0-4-4-2-0-2-2-4-4-2-0-|
```

```
|-2-2-----2-2-----0-0-----|
|-----3-3-----|
{end_of_tab}
```

Af hverju get ég ekki
lifað eðlilegu lífi

Af hverju get ég ekki
lifað business lífi
keypt mér húsbíl og íbúð

Af hverju get ég ekki
gengið menntavegin
þangað til að ég æli

Af hverju get ég ekki
gert neitt af viti
af hverju fæddist ég loser

Ég er rangur maður á röngum tíma
í vitlausu húsi
Ég er rangur maður á röngum tíma
í vitlausu húsi

Af hverju er lífið svona ömurlegt
ætli það sé skárri í Zimbabwe

Af hverju var ég fullur á virkum degi
af hverju mætti ég ekki í tíma

Af hverju get ég ekki
byrjað í íþróttum
og hlaupið um eins og asni

Af hverju get ég ekki
verið jafn hamingjusamur
og Sigga og Grétar í Stjórninni

Ég er rangur maður á röngum tíma
í vitlausu húsi
Ég er rangur maður á röngum tíma
í vitlausu húsi

Reyndu aftur

Höfundur lags: Magnús Eiríksson
Höfundur texta: Magnús Eiríksson
Flytjandi: Mannakorn

Þú reyndir allt,
til þess að ræða við mig.
Í gegnum tíðina
ég hlustaði ekki á þig,
ég gekk áfram minn veg,
niður til heljar hér um bil
reyndu aftur, ég bæði sé og veit og skil.

Nú hvert sem er,
skal ég fylgja þér.

Yfir Esjuna til tunglsins,
trúðu mér
ég gekk minn breiða veg,
niður til heljar hér um bil.
Reyndu aftur, ég bæði sé og veit og skil.

Reyndu aftur, ég bæði sé og veit,
reyndu aftur, ég bæði sé og veit,
reyndu aftur, ég bæði sé og veit og skil.

Riggarobb

Höfundur lags: Erlent Þjóðlag
Höfundur texta: Jónas Arnason
Flytjandi: Papar

Túra – lúra – ligga – lobb!
Ja, - þvílíkt og annað eins riggarobb,
er ég fór á sjó með Sigga Nobb
og Sigga Jóns og Steina!

Túra – lúra – ligga – lobb!
Ja, - þvílíkt og annað eins riggarobb,
er ég fór á sjó með Sigga Nobb
og Sigga Jóns og Steina!

Genginn var á Gerpisflak
sprotafiskur með sporðablak
og okkur langaði út á skak
ekki er því að leyna.

Ég segi alveg satt frá því,
að komist við höfðum aldrei í
annað eins feikna fiskerí;
frá því skal nú greina.

Hann stökk á krókana rið í rið
og gaf okkur aldrei grunnmálið.
Já, handóður, bandóður var hann við
og veitti' ei miskun neina.

Í hverjum drætti stollan stóð,
og vaðbeygjur sungu af vígamóð,
og seinast var skipshöfnin orðin óð
ekki er því að leyna.

Túra – lúra – ligga – lobb!
Ja, - þvílíkt og annað eins riggarobb,
er ég fór á sjó með Sigga Nobb
og Sigga Jóns og Steina!

Túra – lúra – ligga – lobb!
Ja, - þvílíkt og annað eins riggarobb,
er ég fór á sjó með Sigga Nobb
og Sigga Jóns og Steina!

Lestin var full og lúkarinn,
og bísna siginn var báturinn,

þegar við héldum aftur inn;
ekki er því að leyna.

Hann gerði hvassa austanátt,
og þá var öldunum dillað dátt,
og uppi þær höfðu gaman grátt
og gáfu ei miskun neina.

En þetta fór þó þannig að
Við náðum landi á Neskaupsstað.
En slembilukka þótti það;
því er ekki að leyna.

Menn gláptu á okkur gáttaðir;
þeir höfðu ekki séð slíka hleðslu fyrr.
Að við værum allir vitlausir
vildu sumir meina.

Túra – lúra – ligga – lobb!
Ja, - þvílíkt og annað eins riggarobb,
er ég fór á sjó með Sigga Nobb
og Sigga Jóns og Steina!

Túra – lúra – ligga – lobb!
Ja, - þvílíkt og annað eins riggarobb,
er ég fór á sjó með Sigga Nobb
og Sigga Jóns og Steina!

Rolling in the deep

Höfundur lags: Adele ásamt fleirum.
Höfundur texta: Adele ásamt fleirum.
Flytjandi: Adele

Capo á 3.band

There's a fire starting in my heart,
Reaching a fever pitch
and it's bringing me out the dark
Finally, I can see you crystal clear.
Go ahead and sell me out
and I'll lay your ship bare.

See how I leave, with every piece of you
Don't underestimate the things
that I will do.

There's a fire starting in my heart,
Reaching a fever pitch
and it's bringing me out the dark

The scars of your love, remind me of us.
They keep me thinking that we almost had it all
The scars of your love, they leave me breathless
I can't help feeling...

We could have had it all
(I wish you, never had met me)
Rolling in the Deep

(Tears are gonna fall, rolling in the deep)
 Your had my heart
 (I wish you) Inside of your hand (Never had met me)
 And you played it
 (Tears are gonna fall) To the beat (Rolling in the deep)

Baby I have no story to be told,
 But I've heard one of you
 and I'm gonna make your head burn.
 Think of me in the depths of your despair.
 Making a home down there, as mine sure won't be shared.

The scars of your love, remind me of us.
 They keep me thinking that we almost had it all
 The scars of your love, they leave me breathless
 I can't help feeling...

We could have had it all
 (I wish you, never had met me)
 Rolling in the Deep
 (Tears are gonna fall, rolling in the deep)
 Your had my heart
 (I wish you) Inside of your hand (Never had met me)
 And you played it
 (Tears are gonna fall) To the beat (Rolling in the deep)

We could have had it all
 Rolling in the Deep
 Your had my heart inside of your hand
 But you played it
 To the beat

Throw your soul through ever open door (Whoa)
 Count your blessings to find what look for (Whoa-uh)
 Turn my sorrow into treasured gold (Whoa)
 And pay me back in kind- You reap just what you sow.

(Never gonna miss you, never had met me)
 We could have had it all (Tears are gonna fall, rolling in the deep)
 We could have had it all (Never gonna miss you, never had met me)
 It all, (Tears are gonna fall)
 it all, it all (Rolling in the deep)

We could have had it all
 (I wish you, never had met me)
 Rolling in the Deep
 (Tears are gonna fall, rolling in the deep)
 Your had my heart
 (I wish you) Inside of your hand (Never had met me)
 And you played it
 (Tears are gonna fall) To the beat (Rolling in the deep)

We could have had it all
 (I wish you, never had met me)
 Rolling in the Deep
 (Tears are gonna fall, rolling in the deep)
 Your had my heart

(I wish you) Inside of your hand (Never had met me)
 And you played it
 (Tears are gonna fall) To the beat (Rolling in the deep)
 But you played it
 You played it.
 You played it.
 You played it to the beat.

Róninn

Höfundur lags: Magnús Eiríksson
 Höfundur texta: Magnús Eiríksson
 Flytjandi: Mannakorn

Undir gömlum árabát er næturstaður manns.
 Kassi merktur tuborgöli er eina mublan hans.
 Hann stundar ekki vinnu, bara betlar lífið eitt.
 Í bláleitt glas af kogara er hverri krónu eytt.

Fátt eitt skiptir máli og hann fréttir aldrei neitt.
 Furðulega rólegur samt er hann yfirleitt.
 Fólki því sem finnst hann vera róni og flökkudýr
 er einnig fjarlægt bálið sem í brennivíni býr.

Hann átti eitt sinn fjölskyldu, já bæði bíl og hús.
 Bakkus tók það frá honum, nú eru þeir tveir dús.
 Fólki er svo sem sama þótt róni spræni í brók
 og stolt hans var það fyrsta sem hann Bakkus gamli tók.

Du ru ru du ruru, du ru ru du duru ru
 Du ru ru du ruru, du ru ru du duru ru

Þó er það svo afstætt hver er aumingi og svín.
 Á dómsins æðsta degi drekkur róninn máski vín
 við háborðið með Pétri og himnafeðgunum.
 Í hlýju þornar hlandið úr rónabuxunum.

La ra la ra lara, la ra la la lara la
 La ra la ra lara, la ra la la lara la
 La ra la ra lara, la ra la la lara la
 La ra la ra lara, la ra la la lara la

Sagan af Nínu og Geira

Höfundur lags: Conway Twitty
 Höfundur texta: Jón Sigurðsson
 Flytjandi: Brimkló

Ef þú vilt biðja eftir mér,
 á ég margt að gefa þér.
 Alla mína kossa ást og trú.
 Engin fær það nema þú.

Nína átti heima á næsta bæ.
 Ég næstum það ekki skilið fæ.
 Hún var eftir mér alveg óð.

Ég fékk bréf og í því stóð.

Ef þú vilt bíða eftir mér,
á ég margt að gefa þér.
Alla mína kossa ást og trú.
Engin fær það nema þú.

Ég las það og þaut svo strax af stað.
Mér stóð ekki á sama ég segi það.
En Nína grét og gekk mér frá.
Hún gat ei skilið sem ég sagði þá.

Nína góða, gráttu ei.
Gleymdu mér ég segi nei.
Þú ert enn of ung góða mín.
Og ég get alls ekki beðið þín.

Til Reykjavíkur lá mín leið.
Langan tíma þar ég beið.
Ég alltaf reyndi en illa gekk.
Að gleyma bréfinu sem ég fékk.

Ef þú vilt bíða eftir mér
á ég margt að gefa þér.
Alla mína kossa ást og trú.
Engin fær það nema þú.

Ég vissi að aldrei fengi ég frið.
Fyrir en Nínu ég sættist við.
Hugurinn stöðugt hjá henni er.
Hún skal víst fá að giftast mér.

Ég ók í skyndi upp í sveit.
Æskustöðvarnar mínar leit.
En Nína leit mig ekki á.
Ég enn ei skil það sem hún sagði þá.

Geiri elskan, gráttu ei.
Gleymdu mér, ég segi nei.
Þú vildir mig ekki veslings flón.
Því varð ég að eiga hann vin þinn Jón.

Sandalar

Höfundur lags: Þórhallur Sigurðsson
Höfundur texta: Þórhallur Sigurðsson
Flytjandi: Þórhallur Sigurðsson

Það jafnast ekkert á við það
að þruma sér í gott sólbað
og liggja á bekk með bland og bús
og bjórinn teygja úr líterskrús.

Á Spáni er gott að djamma og djúsa
diskótekunum á. Hei!
Sólbrenndur með Quick Tan brúsa,
í sandölum og ermalausum bol.

Grísaveisla, sangríá og sjór,
senjórítur, sjóskíði og bjór.
Nautaaf og næturklúbbaferð,
nektarsýningar af bestu gerð.

Á Spáni er gott að djamma og djúsa
diskótekunum á. Hei!
Sólbrenndur með Quick Tan brúsa,
í sandölum og ermalausum bol.

Sem aldrei fyrr

Höfundur lags: Bubbi Morthens
Höfundur texta: Bubbi Morthens
Flytjandi: Bubbi Morthens

Suma dreymir gull og græna skóga
og gráta þeir eiga ekki meir.
Með gallbragð í munni brosa beiskir
og bölvu þar til sálin í þeim deyr.
Og Júdas er verðlaus lúser,
sem lífinu hafnaði segja þeir.

En mig dreymir aðeins þessa einu konu,
það er eldfimt loftið þar sem hún fer.
Það er gott að elska og eiga hennar hjarta
og hún elskar mig eins og ég er.
Og ég veit hvar frelsið er að finna,
í faðm' hennar þar bíður eftir mér.

Og það er vont að vera týndur
í veröld sem engar hefur dyr.
Og fyrir þá sem aldrei hafa elskað
hlýtur tíminn að standa kyrr.
En ég er ástfanginn
sem aldrei fyrr.

Jú, mig dreymir aðeins þessa einu konu
og allan þennan þokka sem hún ber.
Það er gott að elska og eiga hennar hjarta
því hún tekur mér eins og ég er.
Og ég veit hvar frelsið er að finna,
í faðm' hennar það bíður eftir mér.

Og það er vont að vera týndur
í veröld sem engar hefur dyr.
Og fyrir þá sem aldrei hafa elskað
hlýtur tíminn að standa kyrr.
En ég er ástfanginn
sem aldrei fyrr.

Sem kóngur ríkti hann

Höfundur lags: Írskt þjóðlag
Höfundur texta: Jónas Árnason
Flytjandi: Papar ásamt fleirum.

Ar-ídú-ar-ídú-radei,
Ar-ídú ar-ídáa.
Sem kóngur ríkti hann meður sóma og sann
eitt sumar á landinu blaaáa.

Sögu við ætlum að segja í kvöld
um sæfarann Jörund hinn knáa.
Sem kóngur ríkti hann meður sóma og sann
eitt sumar á landinu blaaáa.

Í Danmörk fæddist og ólst hann upp,
en engan hlaut hann þar frama.
Sú kotungapjóð með sín kúastóð
og kokhljóð var honum til aaama.

Ar-ídú-ar-ídú-radei,
Ar-ídú ar-ídáa.
Sem kóngur ríkti hann meður sóma og sann
eitt sumar á landinu blaaáa.

Á briggskipi ungur til Englands hann hélt,
og ölduna fagnandi steig hann,
því þrek í honum bjó og í saltan sjó
af sérstakri ánægju meeeig hann.

Á kuggana marga hann munstraði sig
og mörg urðu hans ævintýri.
Hann kunnir bráðum á allt sem kunna þarf á:
kompás, segl og stýýfri.

Ar-ídú-ar-ídú-radei,
Ar-ídú ar-ídáa.
Sem kóngur ríkti hann meður sóma og sann
eitt sumar á landinu blaaáa.

Og loks varð hann kapteinn með korða og hatt
á kaupfari glæstu og nýju.
Um höfin stór og breið nú lá hans leið
frá London til Ástrallalííu.

Já fjöldamargt vann hann til frægðar sér,
en frægust varð Jörundar saga,
er hann komst á norðurslóð í kynni við þjóð
sem þar kúrði með galtóma maaaga.

Ar-ídú-ar-ídú-radei,
Ar-ídú ar-ídáa.
Sem kóngur ríkti hann meður sóma og sann
eitt sumar á landinu blaaáa.

Ar-ídú-ar-ídú-radei,
Ar-ídú ar-ídáa.
Sem kóngur ríkti hann meður sóma og sann
eitt sumar á landinu blaaáa.

Ó hve gott á lítil lind,
leika frjáls um hlíð og dal,
líða áfram létt sem hind,

Sem lindin tær

Höfundur texta: Bjarki Árnason
Flytjandi: Bjarki Árnason ásamt fleirum.

Líta alltaf nýja mynd.

Hvísla ljóð' að grænni grein,
glettast ögn við lítil blóm,
lauma koss' á kaldan stein,
kastast áfram tær og hrein.

Ég vildi að ég væri eins og þú
og vakað gæti bæði daga og nætur,
þá skyldi öllu kveða óð um unað, ást og trú
sem aldrei bregst en hugga lætur.
Já, ef ég mætti lifa eins og lindin silfurtær
sem lög á sína undrastrengi slær.

Hvísla ljóð' að grænni grein,
glettast ögn við lítil blóm,
lauma koss' á kaldan stein,
kastast áfram tær og hrein.

Ég vildi að ég væri eins og þú
og vakað gæti bæði daga og nætur,
þá skyldi öllu kveða óð um unað, ást og trú
sem aldrei bregst en hugga lætur.
Já, ef ég mætti lifa eins og lindin silfurtær
sem lög á sína undrastrengi slær.

Já, ef ég mætti lifa eins og lindin silfurtær
sem lög á sína undrastrengi slær.

Sexy and I Know It

Höfundur lags: LMFAO
Höfundur texta: LMFAO
Flytjandi: Noah

When I walk on by, girls be looking like ohh he's fly
I pimp to the beat, walking on the street in my new lafreak, y
This is how I roll, animal print, getting out of control,
It's RedFoo with the big afro And just like Bruce Lee I've got

ohh ohh Girl look at that body
ohh ohh Girl look at that body
ohh ohh Girl look at that body
I work out

When I walk on the spot, this is what I see
Everybody stare staring at me
I got passion in my pants and I ain't afraid to show it
show it, show it, ohhh I'm sexy and I know it

yeahh I'm sexy and I know it
oohh I'm sexy and I know it

I'm sexy and I know it

When I'm at the mall, security just can't fight 'em off
When I'm at the beach, I'm in a speedo trying to tan my oglepp
yeahh This is how I roll, come on ladies it's time to go
We headed to the bar, baby don't be nervous
No shoes, no shirt, and I still get service

ohh ohh Girl look at that body
ohh ohh Girl look at that body
ohh ohh Girl look at that body
I work out

When I walk on the spot, this is what I see
Everybody stare staring at me
I got passion in my pants and I ain't afraid to show it
show it, show it, yeahh I'm sexy and I know it

I'm sexy and I know it
oohh I'm sexy and I know it
Yeahh I'm sexy and I know it

So Wiggle, wiggle, wiggle, yeah
ohh Wiggle, wiggle, wiggle, yeah yeah yeah
Wiggle, wiggle, wiggle, yeah
ohh Wiggle, wiggle, wiggle, yeah I'm sexy and I

know it I'm sexy and I
know it ohh yeah I'm sexy and I
know it I'm sexy and I
know it mmmh I'm sexy and I know mmmmm

Skólaball

Höfundur lags: Magnús Kjartansson
Höfundur texta: Magnús Kjartansson
Flytjandi: Brimkló

Ég sá hana á skólaballinu í gær
og allt í einu var sem minningin skær
lýsti upp í huga mínum,
í gegnum fólksfjöldann ég færði mig nær.
En þá allt í einu sá ég þá vá
að einn af vinum mínum stóð henni hjá
